

Ylræktun til afskurðar II, blóm og greinar YLAF3GR06

kennsluáætlun haustönn 2023 IG

31.ágú fim	09:00-15:45	Vettvangsferð Espiflöt 10:00 Áherslur: rósir, krýsi, gerbera ofl.
7. sept fim	09:00- 14:10	Ræktun rósa
14.sept fim	09:00-14:10	Ræktun rósa
21.sept fim	09:00-14:10	Ræktun rósa
28.sept fim	09:00-15:45	Vettvangsferð, verklegt
05.okt fim	09:00-14:10	Ræktun krýsa
12.okt fim	09:00-14:10	Ræktun krýsa
19.okt fim	09:00-14:10	Gerbera
26.okt fim	09:00-14.10	Gerbera, Silkivöndur
02.nóv fim	09:00-15:45	Vettvangsferð, verkelgt
09.nóv fim	09:00-14:10	Ljónsmunni, Ilmbaunir, ilmskúfur
16.nóv fim	09:00-14:10	Statika, brúðarslæða, sólblóm
23.nóv fim	09:00-14:10	Ending, geymsla og meðferð afskorinna blóma
30.nóv fim	09:00-14:10	Yfirferð efnis
06.des mið	09:00-12:00	próf

Námsmat:	Skilaverkefni	30%
	Skýrslur úr vettvangsferðum	10%
	Lokapróf	60%
	Lágmarkseinkunn á lokaprófi	5,0

Kennari: Ingólfur Guðnason

Þekkingarviðmið: Nemandi skal haf hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Uppruna helstu tegunda plantna sem ræktaðar eru til afskurðar á Íslandi.
- Vísindaheiti og íslensku heiti hverrar tegundar og ættarinnar sem hún tilheyrir.
- Val á tegundum og yrkjum til ræktunar við íslenskar aðstæður.
- Fjölgun og uppeldi afskorinna blóma og greina erlendis og hérlendis í gróðurhúsum.
- Uppbyggingu ræktunarumhverfis og helsta búnaði sem þarf til ræktunarinnar.
- Ræktunartækni og skipulagi sem þarf til að ná tilskyldum árangri í ræktuninni.
- Uppskerutækni, geymslu og meðhöndlun afurða ræktunarinnar.
- Gerð ræktunaráætlana og eftirfylgni þeirra.

Leikniviðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Greina helstu tegundir blóma og greina sem ræktaðar eru til afskurðar í gróðurhúsum á Íslandi.
- Velja til ræktunar í gróðurhúsum heppilegar tegundir og yrki af blómum og greinum.
- Skipuleggja ræktunarumhverfi og búnað til ræktunar afskorinna blóma og greina.
Beita viðeigandi ræktunartækni við ræktun, hirðingu og uppskeru blóma og greina.

Hæfniviðmið: Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Ráðleggja öðrum um val á blómum og greinum til afskurðar til ræktunar við íslensk skilyrði, metið með rökstuðningi og kynningu.
- Bera saman ræktun blóma og greina til afskurðar við íslenskar og erlendar aðstæður, metið með rökstuðningi og rökræðum.
- Leggja mat á gæði ræktunarumhverfis og búnaðar við ræktun afskorinna blóma og greina og koma með tillögur til úrbóta, ef þörf krefur.
Metið með rökstuðningi og kynningum.
- Sýna skilning á afleiðingum mismunandi ræktunartæknilegra þátta á afurðir ræktunarinnar, metið með rökstuðningi og samanburði.
- Gera sér grein fyrir mikilvægi réttar meðhöndlunar afurða fyrir geymslu og sölu, metið með rökstuðningi og verklagi.
- Leysa af hendi ræktun afskorinna blóma og greina með viðunandi árangri, metið með verklagi og vinnuskipulagi.
- Meðhöndla blóm og greinar til geymslu og sölu.
- Setja upp ræktunaráætlanir og fylgja þeim eftir.

Ættir, ættkvíslir, tegundir afskorinna blóma sem tekin verða fyrir á önninni:

Ísl. heiti	Latn. heiti	Ætt
Rósir	Rosa sp.	Rosaceae
Krýsi -tryggðablóm:	Dendranthema x grandiflorum	Asteraceae
Gerbera- glitkarfa	Gerbera jamesonii, G viridiflora	Asteraceae
Ljónsmunni	Antirrhinum majus	Schropulariaceae
Silkivöndur	Eustoma (Lisianthus)grandiflorum	Gentianaceae
Fétoppur (statika)	Limonium sinuatum	Plumbaginaceae
Brúðarslæða	Limonium latifolium	Plumbaginaceae
Sólblóm	Helianthus annuus	Asteraceae
Ilmbaunir	Lathyrus odoratus	Fabaceae
Ilmskúfur	Matthiola incana	Brassicaceae